

**Nr. 053 / 15 Ása ÍS 132****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6908  
Smíðaður: Hafnarfirði 1981 plast  
Stærð: 5,21brl. 5,50bt.  
Mesta lengd: 8,94 m Skráð lengd: 8,46 m  
Breidd: 2,48 m Dýpt: 1,32 m  
Vél: Ynamar 140 kW 1997  
Fjöldi skipverja: 1



Ása©Híbyli og skip

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 26. október 2015 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 19. maí 2015 var Ása ÍS 132 á strandveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: 10-12 m/s.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Gunnar Friðriksson kom á vettvang og dró Ásu til Ísafjarðar.

Ása varð aftur vélarvana þann 3. júní 2015 þegar báturinn var á strandveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NA 10-13 m/s

Þá var aftur óskað eftir aðstoð og kom björgunarbáturinn Gísla Hjalta á vettvang og dró Ásu til Bolungarvíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að sögn skipstjóra höfðu verið vandræði með að ná upp fæðiolúþrýsting og fenginn var fagmaður til að skoða málið. Var talið að um hafi verið að ræða rangar tengingar á lögnum. Var þeim þá breytt en þrátt fyrir það drap vélin á sér eftir það og báturinn aftur dreginn í land;
- að eftir fyrri vélarstöðvunina yfirfór annar fagmaður olúlaganir og lagfærði en þrátt fyrir það stöðvaðist vélin aftur rúmum hálfum mánuði síðar;
- að eftir seinni vélarstöðvunina kom í ljós að röng tenging fæðiolúsleflagnar orsakaði að olúþrýstingur að vél varð ekki nægur.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.